

Fimmtudaginn 30. október 1997.

Nr. 108/1997.

Ríkisspítalar

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

gegn

Helga Sigurðssyni

(Gestur Jónsson hrl.)

Samningur. Sjúkrahús. Læknar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1997. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur verði lækkaðar, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

Stefndi krafðist upphaflega staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi. Við munnlegan málflutning breytti hann efnisþætti kröfunnar á þann veg, að dómurinn yrði staðfestur með lækkun á höfuðstól greiðslu. Er það nú krafa hans, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 3.874.679 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af tilteknum hluta þeirrar fjárhæðar, sem breytist til hækkunar í byrjun hvers mánaðar, frá 1. mars 1993 til 1. nóvember 1995, en af fjárhæðinni allri frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst hann staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur áfrýjandi lagt nokkur ný gögn. Þeirra meðal er endurrit vitnamáls, sem háð var fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 9. júní og 26. ágúst 1997.

I.

Varakrafa áfrýjanda um lækkun greiðslna til handa stefnda var ekki gerð í héraði og styðst við málsástæður, sem þar voru ekki hafðar uppi. Uppfyllir hún ekki skilyrði þess, að á henni verði byggt við úrlausn málsins hér fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Breyting stefnda á kröfugerð sinni í málinu er gerð til leiðréttingar á misræmi við gögn frá skrifstofu áfrýjanda, sem krafan er reist á. Áfrýjandi hefur andmælt breytingunni og telur hana raska grundvelli málsins. Á þetta verður ekki fallist, enda á stefndi forræði sakarefnis að þessu leyti, og breytingin á sér skýra stoð í upphaflegum gögnum málsins.

II.

Úrslit máls þessa ráðast af skýringu á samkomulagi, sem aðilar staðfestu með undirritun 27. apríl 1993 og rakið er að meginefni í hinum áfrýjaða dómi, ásamt skýringu á stöðu þeirra innbyrðis og gagnvart Tryggingastofnun ríkisins í atriðum, er varða grundvöll þess. Samkomulag þetta er samhljóða samkomulagi við annan lækni, sem um ræðir í dómi Hæstaréttar í máli nr. 104/1997, sem upp hefur verið kveðinn í dag, og atvik hér að mestu hin sömu og þar var um fjallað. Af ástæðum, sem raktar eru í þeim dómi réttarins, verður krafa stefnda tekin að fullu til greina, eins og hún er nú fram sett, og áfrýjanda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ríkisspítalar, greiði stefnda, Helga Sigurðssyni, 3.874.679 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 112.549 krónum frá 1. mars 1993 til 1. apríl sama ár, 255.993 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, 381.053 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 474.848 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 566.410 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 730.883 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, 765.149 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, 915.917 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 1.071.472 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 1.166.662 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1994, af 1.278.104 krónum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 1.433.374 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1.530.707 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 1.658.167 krónum frá þeim degi

til 1. maí sama ár, 1.804.480 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 1.906.666 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 1.990.273 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 2.181.277 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, 2.213.632 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, 2.349.986 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 2.513.646 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 2.618.855 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1995, af 2.747.445 krónum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 2.845.841 krónu frá þeim degi til 1. mars sama ár, 2.979.379 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3.108.232 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, 3.232.352 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 3.330.711 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 3.457.173 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 3.595.345 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, 3.607.054 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, 3.776.709 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, en af 3.874.679 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. nóvember sl., höfðaði Helgi Sigurðsson læknir, kt. 180152-2299, til heimilis að Þingholtsbraut 59, Kópavogi, gegn Ríkisspítöllum, kt. 540269-6379, Rauðarárstíg 31, Reykjavík, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 29. mars 1996.

I.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kröfu, að fjárhæð 4.294.026 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum] og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannna Mörkinni 1 sf. auk kostnaðar stefnanda af greiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði alsýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til þess að greiða sér málskostnað að mati dóms-

ins. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnda að greiða virðisaukaskatt af þóknun til lögmanns síns.

— — —

[Sjá forsendur dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu: Jón Hrafnkels-son gegn Ríkisspítölum, bls. 3059–3062 hér að framan.]

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ríkisspítalar, greiði stefnanda, Helga Sigurðssyni, 4.294.026 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum] og 230.000 kr. í málskostnað.
